



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

31. mars 2017
Tilvísun: 2017030045

Efni: Svör við spurningum í tilefni af sölu Kaupskila ehf. á hlut í Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 24. mars sl. Í bréfinu er 11 spurningum beint til stofnunarinnar í tilefni af sölu Kaupskila ehf. á samtals um 29,2% hlut í Arion banka hf. til fjögurra erlendra aðila.

Þess skal getið að það er mat Fjármálaeftirlitsins að enginn hinna nýju hluthafa fari nú þegar með virkan eignarhlut í Arion banka hf. í skilningi 21. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.¹ Af því leiðir að ekki hefur farið fram mat af hálfu Fjármálaeftirlitsins á hæfi þeirra til að fara með virkan eignarhlut í bankanum í samræmi við VI. kafla sömu laga. Á hinn bóginn hafa þeir hinna nýju hluthafa upplýst Fjármálaeftirlitið um að þeir kunni að auka við hlut sinn í bankanum sem gerði það að verkum að þeir færu með virkan eignarhlut í honum. Hafa þeir upplýst Fjármálaeftirlitið um að þeir séu að undirbúa tilkynningu og upplýsingagjöf til stofnunarinnar svo unnt sé að leggja mat á hæfi þeirra til að fara með virkan eignarhlut í bankanum. Fyrir liggur að viðskipti sem leiða til 10% hlutar eða meira, eða samsvarandi áhrifa, geta ekki komið til framkvæmda fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur metið þá hæfa til að fara með virkan eignarhlut. Innan Fjármálaeftirlitsins er hafinn undirbúningur að slíku mati, meðal annars hefur verið komið á tengslum við eftirlitsstjórnvöld í nokkrum erlendum ríkjum, þar sem hlutaðeigandi aðilar hafa starfsleyfi eða verið metnir hæfir sem virkir eigendur.

Með hliðsjón af framangreindu og að virtri þeirri ríku þagnarskyldu sem á Fjármálaeftirlitinu hvílir, sbr. 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálstarfsemi, leitast stofnunin hér fyrir neðan við að svara spurningum ráðherra eins vel og lög og aðstæður leyfa:

1. Hvers eðlis eru þau fyrirtæki eða sjóðir sem keypt hafa hlut í Arion banka núna?

Samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins eru nýir hluthafar í Arion banka hf.:

- a) TCA New Sidecar III S.à r.l. með um 9,99% hlut.

¹ Sbr. fréttatilkynningu Fjármálaeftirlitsins frá 20. mars sl.: <https://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/kaup-a-egnarhlut-i-arion-banka>.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Um er að ræða lúxemborgískt fjárfestingafélag sem veitt hefur Taconic Capital Advisors LP, sem er bandarískt félag með leyfi frá Securities and Exchange Commission (SEC) til að stunda sérhæfða sjóðastýringu, ákvörðunarvald um fjárfestingar. Taconic Capital Advisors LP hefur einnig starfsleyfi frá Financial Conduct Authority (FCA) í Bretlandi undir heitinu Taconic Capital Advisors UK LLP.

Nánari upplýsingar má meðal annars finna á vefsíðunni: <https://www.taconiccap.com>.

b) Trinity Investments DAC með um 9,99% hlut.

Um er að ræða írskt fjárfestingafélag og hefur Attestor Capital LLP, sem er breskt félag með leyfi frá FCA til að stunda sérhæfða sjóðastýringu, umboð til þess að stýra fjárfestingum félagsins.

Nánari upplýsingar má meðal annars finna á vefsíðunni: <http://www.attestorcapital.com>.

c) Sculptor Investments S.à r.l. með um 6,6% hlut.

Um er að ræða lúxemborgískt fjárfestingafélag sem er óbeint í fullri eigu fjárfestingasjóða sem stýrt er af Och-Ziff Capital Management Group LLC, en það er bandarískt félag með leyfi frá SEC til að stunda sérhæfða eignastýringu. Och-Ziff Capital Management Group LLC hefur einnig starfsleyfi frá FCA í Bretlandi undir heitinu Och-Ziff Management Europe Ltd.

Nánari upplýsingar má meðal annars finna á vefsíðunni: <http://www.ozcap.com>.

d) ELQ Investors II Ltd. með um 2,6% hlut.

Um er að ræða breskt dótturfélag bandaríska fjárfestingabankans The Goldman Sachs Group, Inc. Bankinn hefur einnig starfsleyfi frá FCA í Bretlandi undir heitinu Goldman Sachs International Ltd.

Nánari upplýsingar má meðal annars finna á vefsíðunni: <http://www.goldmansachs.com>.

Til viðbótar framangreindum upplýsingum hefur Arion banki hf. birt upplýsingar um eignarhald bankans á vefsíðu sinni skv. 4. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki: <https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/eignarhald>. Auk þess sem vísað er til sameiginlegrar tilkynningar Arion banka hf. og Kaupþings ehf. 19. mars sl.: <https://www.arionbanki.is/bankinn/fjolmidlar/frettir/frett/2017/03/19/Tilkynning-um-solu-hluta-i-Arion-banka>.

2. *Voru þessi fyrirtæki eða sjóðir öll kröfuhafar í protabú Kaupþings?*

Allir nýju hluthafarnir eða aðilar þeim tengdir voru á meðal kröfuhafa Kaupþings ehf. við gerð nauðasamnings félagsins og fara nú með hlut í félaginu.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

3. Hvaða samninga hafa fyrirtækin gert um frekari kaup á hlutabréfum í Arion banka?

Hinir nýju hluthafar í Arion banka hf. hafa samið við Kaupskil ehf. um forkaupsrétt sem gerir þeim kleift að auka við hlut sinn í bankanum sem nemur samtals um allt að 21,9%.

4. Var gætt að armslengdarsjónarmiðum við samninga þessara aðila við þrotabúið?

Fjármálaeftirlitið átti ekki aðkomu að kaupsamningum milli hinna nýju hluthafa í Arion banka hf. og Kaupskila ehf. Á hinn bóginn er í samningi milli Seðlabanka Íslands, Kaupþings ehf. og Kaupskila ehf., sem gerður var í janúar 2016 í tengslum við stöðugleikaframlag Kaupþings ehf., kveðið á um að gæta skuli að armslengdarsjónarmiðum við sölu hluta í Arion banka hf. Frekari upplýsinga um skilyrði sem Seðlabankinn setti um fyrrnefnd armslengdarsjónarmið væri eðlilegt að afla hjá Seðlabankanum.

5. Eru uppi áform um að skrá hlutabréf í Arion banka á markað? Ef svo er, hvenær og hvar? Hafa þessi fyrirtæki sem nú hafa keypt hlutabréf í Arion banka komið að þeim undirbúningi?

Arion banki hf. hefur unnið að undirbúningi að skráningu hlutabréfa í bankanum á skipulegan verðbréfamarkað. Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar um aðkomu einstakra hluthafa að undirbúningi skráningarinnar. Samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins hefur ákvörðun um slíka skráningu enn ekki verið tekin.

6. Voru stofnuð sérstök fyrirtæki eða sjóðir til þess að halda utan um kaupin á hlutabréfunum í Arion banka? Ef svo er, hvaða skýringar eru á því?

Eins og fram kemur í inngangi þessa bréfs hefur Fjármálaeftirlitið enn ekki lagt mat á hæfi nýrra hluthafa í Arion banka hf. til að fara með virkan eignarhlut í bankanum í samræmi við VI. kafla laga um fjármálfyrirtæki. Hefur stofnunin því takmarkaðar upplýsingar um þau atriði sem spurning þessi lýtur að. Fjármálaeftirlitinu er þó kunnugt um að í einhverjum tilvikum hafi slíkt verið gert.

7. Hafa einhver þessara fyrirtækja eða sjóða kynnt Fjármálaeftirlitinu áform um frekari fjárfestingar í Arion banka? Ef svo er þá hver og hvenær?

Hinir nýju hluthafar í Arion banka hf. hafa samið við Kaupskil ehf. um forkaupsrétt sem gerir þeim kleift að auka við hlut sinn í bankanum, sbr. svar við spurningu 3. Þrír þessara hluthafa, TCA New Sidecar III S.à r.l., Trinity Investments DAC og Sculptor Investments S.à r.l., hafa upplýst Fjármálaeftirlitið um að þeir kunni að auka við hlut sinn sem hefði í för með sér að þeir færu með virkan eignarhlut í bankanum.

8. Hafa þessi fyrirtæki eða sjóðir haft með sér formlegt samstarf við kaupin? Ef svo er, er þá ekki ástæða til þess að skoða þau formlega sem eiganda virks eignarhlutar?

Eins og fram kemur í inngangi þessa bréfs er það mat Fjármálaeftirlitsins að enginn hinna nýju hluthafa fari nú með virkan eignarhlut í Arion banka hf. í skilningi 21. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga um fjármálfyrirtæki. Telji Fjármálaeftirlitið að umæddir hluthafar eigi með sér samstarf í skilningi 25. tölul. sömu málsgreinar þá bæri stofnuninni lögum samkvæmt að endurskoða fyrrnefnt mat sitt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

9. *Séu fyrirtækin eða sjóðirnir einnig kröfuhafar í þrotabú Kaupþings er ljóst að beint og óbeint eignarhald a.m.k. tveggja fyrirtækja er komið yfir 10%. Hefur Fjármálaeftirlitið litið til þessa við mat á fyrirtækjunum sem eigendum virkra eignarhluta?*

Eins og fram kemur í inngangi þessa bréfs er það mat Fjármálaeftirlitsins að enginn hinna nýju hluthafa fari nú með virkan eignarhlut í Arion banka hf. í skilningi 21. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Við matið var meðal annars litið til óbeins hlutar þeirra í bankanum í gegnum Kaupþing ehf. og Kaupskil ehf., sem háður er verulegum takmörkunum samkvæmt skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið setti hinn 8. janúar 2010. Þrír hinna nýju hluthafa, TCA New Sidecar III S.à r.l., Trinity Investments DAC og Sculptor Investments S.à r.l., hafa að svo stöddu ekki atkvæðisrétt og undirgengist að öðru leyti þau skilyrði sem Fjármálaeftirlitið setti fyrir virkum eignarhlut Kaupskila ehf. á sínum tíma.

10. *Hafa fyrirtækin eða sjóðirnir látið Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar um stærstu hluthafa eða eigendur í sjóðunum?*

Eins og fram kemur í inngangi þessa bréfs hefur Fjármálaeftirlitsins enn ekki lagt mat á hæfi nýrra hluthafa í Arion banka hf. til að fara með virkan eignarhlut í bankanum í samræmi við VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Hefur því upplýsingagjöf samkvæmt 41. gr. laganna enn ekki farið fram. Ef til þess kemur að leggja þurfi mat á hæfi þeirra til að fara með virkan eignarhlut í bankanum mun Fjármálaeftirlitið fara fram á allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að framkvæma ítarlegt mat á hæfi þeirra.

11. *Er orðspor einhvers eða einhverra þessara kaupenda með einhverjum hætti líklegt til þess að skaða orðspor Arion banka?*

Eins og fram kemur í inngangi þessa bréfs hefur Fjármálaeftirlitsins enn ekki lagt mat á hæfi nýrra hluthafa í Arion banka hf. til að fara með virkan eignarhlut í bankanum í samræmi við VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Ef til þess kemur að leggja þurfi mat á hæfi þeirra til að fara með virkan eignarhlut í bankanum skal Fjármálaeftirlitið meðal annars grundvalla slíkt mat á orðspori þeirra, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 42. gr. sömu laga.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jón Þór Sturluson

Gisli Örn Kjartansson